

Íslenskur iðnaður

SI Fréttablað Samtaka iðnaðarins

11. tbl. • 10. árg. Nóvember 2004



Frá vinstri: Ingimundur Sigurpálsson, formaður SA, Guðfinna Bjarnadóttir, THÍ, þorgerður Katrín Gunnarsdóttir, menntamálaráðherra, Stefanía K. Karlsdóttir, HR, Jón Karl Ólafsson, formaður VÍ og Vilmundur Jósefsson, formaður SI

Nýr háskóli stofnaður á grunni THÍ og HR

Samtök iðnaðarins, Samtök atvinnulífsins og Verslunarráð Íslands hafa stofnað einkahlutafélag sem tekur yfir starfsemi THÍ og HR. Við samruna þeirra verður til allt að 2.000 nemenda háskóli með um sjö námsbrautir. Með þessu hefur atvinnulífið fengið mikilvægt tækifæri til að efla verk- og tæknimenntun.

Fyrir skömmu undirrituðu þorgerður Katrín Gunnarsdóttir, menntamálaráðherra, og fulltrúar SI, SA og VÍ viljayfirlýsingu um rekstur nýs háskóla. Menntamálaráðherra sagði að með sameiningu THÍ og HR sköpuðust enn betri skilyrði til að auka veg verk- og tæknifræðimenntunar en verið hafa.

Við þetta tækifæri þakkaði Vilmundur

Jósefsson, formaður SI, ráðherra þá atorku sem hún hefur sýnt í þessu máli. Hann taldi að með undirrituninni væri í höfn stór áfangi í baráttu Samtaka iðnaðarins fyrir því að skapa skilyrði fyrir vexti í tæknimenntun þannig unnt yrði að sinna sívaxandi þörf iðnfyrirtækja fyrir starfsfólk með slíka menntun.

Gert er ráð fyrir að starfsemi háskólans verði samræmd í áföngum. Kennsla verður með óbreyttu sniði til að byrja með en stefnt er að endanlegum samruna allrar starfsemi THÍ og HR áður en kennsla hefst næsta haust.

Sjá frekari fréttir á vefsetri Samtaka iðnaðarins: www.si.is/malaflokkar/menntamal-og-fraedsla/

Meðal efnis:

Ritstjórnargrein

Fjölbreytt menntun eykur samkeppnishæfni

2



Grænt bókhald fyrirtækja

Að setja lit á bókhaldið

3



Iðnaðarsafnið á Akureyri í nýjum húskynnum

Glæsilegt framtak Jóns Arnþórssonar

4



„Í klóm kennitöluhoppara“

6-7



Menntun verk- og tæknifræðinga

Frá ráðstefnu á Grand Hótel

8



Kerfispróun tuttugu ára

10



Fjölbreytt menntun eykur samkeppnishæfni

Samningur stjórnvalda, Samtaka iðnaðarins, Samtaka atvinnulífsins og Verslunarráðs Íslands um stofnun nýs háskóla er stórfrétt. Hér ná stjórnvöld og atvinnulíf breiðri samstöðu og ætla að láta verkin tala. Því er ekki að leyna að Samtök iðnaðarins urðu fyrir vonbrigðum á sínum tíma þegar ekki tókst samkomulag um að breyta Tækniskólanum í einkarekinn Tækniháskóla. Nú hefur þetta skref verið stigið og þar með staðfest að einkarekstur skóla er ekki lengur feimnismál eða skammaryrði heldur raunhæf og viðurkennd aðferð til þess að nýta betur opinbert fjármagn. Um leið sýna samtök í atvinnulífinu að þau geta staðið saman um stór verkefni.

Þáttur menntamálaráðherra og rektora

Menntamálaráðherra, Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir, hefur sýnt óvenjumikla áráðni og framsýni með þessari gjörð. Í undirbúningsvinnu að stofnun nýs háskóla hefur hún í senn átt frumkvæðið að sameiningu skólanna og rekið málið áfram af krafti. Stefánía Katrín Karlsdóttir, rektor THÍ, og Guðfinna Bjarnadóttir, rektor HR, hafa unnið þétt með ráðherra að því að gera þessa hugmynd að veruleika. Segja má að þessar þrjár konur hafi unnið tímamótaverk og fyrir það eiga þær heiður skilinn.



ing sem vel hæfan þáttakanda í störfum samfélagsins. Menntakerfið er þess vegna þjónusta sem á að tryggja einstaklingnum bestu hugsanlegu verkfærin til lífsgæða. Um leið er góð og rétt menntun besta tryggingin - ef einhver trygging er til - fyrir góðri, langri og ábatasamri starfsævi. Nútímarekstur fyrirtækja gengur ekki vel nema starfsmenn hafi hlotið rétta og góða menntun til að sinna þeim verkefnum sem bíða þeirra.

Verk- og tæknifræðimenntun efst á blaði

Samtök iðnaðarins telja að sameining HR og THÍ feli í sér fjölmörg tækifæri til að efla menntun í þágu atvinnulífsins. Mikilvægt er að háskólaráð og stjórnendur ætli háskólanum frá upphafi stórt hlutverk í þessu skyni. Þar er auðvitað efst á blaði að skólinn hefur heimild menntamálaráðuneytisins til að auka kennslu í tæknifræði og hefja kennslu í verkfræði. Þessar greinar eru grunnur að stöðugri uppbyggingu hátæknifyrirtækja og tæknivæðingu íslensks iðnaðar. Fyrirtæki í iðnaði hafa þörf fyrir stöðugt fleiri verk- og tæknifræðinga. Auk akademískra áherslna þarf háskólinn að veita iðnaðarmönnum brautargengi til frekara náms, m.a. með líkum hætti og frumgreinadeild THÍ hefur gert. Mikilvægt er að reynsla nemenda í atvinnulífinu sé metin með sambærilegum hætti og nám í skóla.

Tengsl við fræðslu- og rannsóknastofnanir

SI leggja einnig áherslu á að nýr háskóli bjóði fræðslu- og rannsóknastofnunum í atvinnulífinu til samstarfs og gefi þeim kost á að vera í sambýli í nýjum húsakynnum sem byggja þarf yfir starfsemi háskólans innan fárra ára. Með því móti nýttist aðstaða og starfsfólk þessara stofnana betur og þannig má mæta vaxandi þörf fyrir endurmenntun og verklega kennslu í atvinnulífinu.

Sveinn Hannesson

Miklar væntingar

Nýr sameinaður háskóli hefur alla burði til að standa undir væntingum um stórbætta þjónustu við atvinnulífið án þess að gert sé lítið úr núverandi framlagi skólanna tveggja. Margar deildir verða starfræktar við skólann og með því að bjóða blandað nám milli þeirra útskrifast fólk sem er færra en ella til að sinna margvíslegum og margbreytilegum störfum í atvinnulífinu. Hér hlýtur að vera um forgangsverkefni að ræða hjá háskólaráði og stjórnendum nýs háskóla. Hinn nýi háskóli á að hafa alla burði til að keppa við háskóla hérlendis sem erlendis. Þessi tæplega 2.000 nemenda háskóli mun veita Háskóla Íslands verðuga samkeppni.

Menntamál eru samkeppnismál

Undanfarin ár hefur mikið verið rætt um mikilvægi þekkingar og menntunar. Mannauðurinn skiptir miklu máli vegna þess að þegar allt kemur til alls snýst fyrirtækjarekstur um starfsemi fólks og byggist á framlagi þess. Háværkun á arðsemi fyrirtækja helst í hendur við framfarasinnað, áhugasamt og vel hæft starfsfólk. Góður starfsmaður verður ekki til af sjálfu sér. Menntun er lykilþáttur í að móta einstakl-



ÍSLENSKUR IÐNAÐUR
11. töl. Nóvember 2004
ISSN 1022-7741

Fór í prentsmiðju: 23.11.2004
Prentvinnsla: Prenttækni hf.
Plastpökun: Iðjuberg
Ljósmyndir: Odd Stefán
Myndskreyting: Næst auglýsingastofa ehf.
Björn Valdimarsson, bls. 7

Útgefandi: Samtök iðnaðarins
Borgartúni 35, 105 Reykjavík
Sími: 591 0100, fax: 591 0101
Kennitala 511093-2019
www.si.is, netfang: ritstjorn@si.is

Ábyrgðarmaður: Sveinn Hannesson
Ritstjóri: Haraldur D. Nelson
Efnisstjórn og umbrot: Þóra Ólafsdóttir
Málfarsráðgjöf: Þóra Kristín Jónsdóttir

Fjölmiðlum er frjálst að nota ritað efni úr Íslenskum iðnaði í heild sinni eða að hluta. Fjölmiðlamenn eru vinsamlegast beðnir að geta heimildar í slíkum tilvikum.

Að setja lit á bókhaldið

Grænt bókhald fyrirtækja

Grænt bókhald er nýlegt hugtak og ekki öllum tamt. Enn sem komið er eru ekki mörg fyrirtæki sem birta grænt bókhald og enn færri þurfa þess samkvæmt lögum. Samt eru þó nokkur fyrirtæki sem hafa lagaskyldu til að færa grænt bókhald. Það gerðist með lagabreytingu vorið 2001, með breytingu á lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og í kjölfarið var sett reglugerð nr. 851/2002 um grænt bókhald.

Fyrsta bókhaldárið var árið 2003 og skila átti bókhaldinu í lok maí 2004. Flest fyrirtækin, sem bera þessa skyldu, hafa nú þegar skilað bókhaldi sínu og nöfn þeirra eru birt á heimasíðu Umhverfisstofnunar.

Tvíþætt markmið

Fyrirmyndin að íslensku löggjöfinni kemur frá Danmörku en ekki úr Evrópulöggjöf. Markmiðið með lögunum er tvíþætt. Annars vegar er ætlunin að hvetja rekstrar aðila til að fylgjast markvisst með umhverfisáhrifum rekstursins og vinna að umbótum. Hins vegar á bókhaldið að veita yfirvöldum, nágrönnum og öðrum sem áhuga hafa, upplýsingar um hvernig umhverfismálum er háttað hjá fyrirtækjum sem geta haft í för með sér mengun. Þetta er gert með því að skila einföldu tölulegu yfirliti yfir helstu umhverfisþætti rekstursins.

Umhverfisúttekt

Í sinni einföldustu mynd má líta á grænt



Nýir félagsmenn

Glófi ehf.

Hrísalundi 1b

600 Akureyri


Fataframleiðandi

UVS Urður Verðandi Skuld ehf.

Snorrabraut 60

107 Reykjavík

Líftækniíðnaður



bókhald sem efnisbókhald. Í því er haldið utan um magntölur mikilvægra hráefna, úrgangs og mengunarefna. Til að grænt bókhald sé fært á skynsamlegan hátt þarf fyrst að fara fram eins konar naflaskoðun þar sem aflað er upplýsinga um starfsemi og starfsmenn meta hvaða þættir í starfi þeirra hafa mest áhrif á umhverfið. Þetta kallast umhverfisúttekt. Bókhaldið getur verið afar ólíkt frá einu fyrirtæki til annars því að mikilvægi umhverfisþátta er mismunandi. Setja má fram stuttan leiðarvísi til að meta umhverfisþætti:

- Það sem kemur inn í fyrirtækið. Hér er tiltekin orka, vatn, helstu hráefni, hættuleg efni og olíur. Lögð er áhersla á það sem er notað í miklu magni eða er hættulegt mönnum eða umhverfi.
- Það sem verður til í fyrirtækinu, t.d. hættuleg efni í vörum.
- Það sem kemur frá fyrirtækinu. Meta þarf magn mengandi efna í útblæstri og frárennsli, hávaða og meðferð á föstum úrgangi (flokun, endurvinnsla, endurnotkun og magn spilliefna)

Bókhaldið er birt í ársskýrslu eða sérstakri umhverfisskýrslu. Gjarnan er líka fjallað í almennum orðum um starfsemi, framleiðsluferla, helstu umhverfisáhrif, mengunarvarnir og hvort eitthvað óvænt hafi komið upp á árinu.

Mikilvægt stjórnþæki

Rétt eins og fjárhagsbókhald fyrirtækis er grænt bókhald hluti af stærri mynd. Það er mikilvægt stjórnþæki í markvissu umhverfisstarfi. Grænt bókhald er tæki eða verkfæri til að skrá og skilja stöðuna. Í framhaldi af því eru sett markmið, unnið að umbótum og fylgst með þróuninni. Bent er á að Umhverfisstofnun hefur gefið út ágætar leiðbeiningar þar um hvernig megi

vinna bókhaldið og setja það fram.

Nokkur ár eru liðin frá því að slík löggjöf tók gildi í Danmörku. Komið hefur í ljós að meira en helmingur þeirra, sem undir þau falla, hafa notað tækifærið og tekið upp markvissari vinnubrögð við að skrá og meta umhverfisáhrif. Margir hafa nýtt sér þessi gögn í innra starfi og segja má að græna bókhaldið hafi vakið áhuga margra á að vinna frekar að því að byggja upp umhverfisstarf í fyrirtækinu.

Bryndís Skúladóttir

Nýr starfsmaður á skrifstofu SI

Bryndís Skúladóttir hóf störf hjá SI í byrjun september. Hún tók við verkefnum Ólafs Kjartanssonar sem starfað hefur hjá SI frá stofnun. Bryndís er efnaverkfræðingur



að mennt, lærði í Háskóla Íslands og í DTU í Danmörku. Hún hefur áður starfað sem verkefnisstjóri í umhverfismálum hjá Iðntæknistofnun, hjá Hollustuvernd ríkisins sem sérfræðingur um hættuleg efni og einnig á rannsóknastofu Hörpu hf.

Bryndís sinnir verkefnum á sviði umhverfis- og orkumála og þar nýttist vel reynsla hennar af umhverfismálum fyrirtækja, s.s. þekking á laga- og reglugerðarumhverfi, umhverfisstjórnun, úrgangsmálum og fleiru sem varðar þennan viðfeðma málaflokk. Bryndís starfar einnig sem tengiliður við fyrirtæki í efnaiðnaði, gúmmíiðnaði, endurvinnslu og líftækni.

Iðnaðarsafnið á Akureyri í nýjum húsakynnum


Glæsilegt framtak Jóns Arnþórssonar

Valgerður Sverrisdóttir, iðnaðarráðherra, opnaði Iðnaðarsafnið á Akureyri á nýjum stað á Krókeyrinni sl. vor að viðstöddum forseta Íslands Hr. Ólafi Ragnari Grímssyni en safnið tók formlega til starfa 17. júní árið 1998.

Segja má að safnið sé alfarið verk eins manns, Jóns Arnþórssonar fyrrum sölu- og markaðsstjóra hjá Sambandsverksmiðjunum, sem með elju og dugnaði hefur tekist að safna saman fjölda þeirra véla og tækja sem áður skiptu sköpum í iðnfyrirtækjum Akureyrar en hafa nú lokið hlutverki sínu. Jón hefur einnig bjargað frá glötun margvíslegum iðnvarningi sem framleiddur var í þessum fyrirtækjum á blómaskeiði þeirra um og upp úr miðri síðustu öld.

Nær alla síðastliðna öld var Akureyri miðstöð iðnaðarins í landinu enda bærinn oft nefndur iðnaðarbærinn Akureyri og því er afar mikilvægt að sá kafli í sögu bæjarins og iðnaðaruppbyggingar í landinu sé varðveittur.

Sögu iðnaðarins eru gerð glögg skil á safninu allt frá fyrstu „vélunum“ eins og Tónvél Eyjafjarðar, sem settar voru af stað 1897, voru kallaðar en þær mörkuðu upphaf ullariðnaðarins og þess iðnaðar sem enn er í fullum rekstri. Kynnt eru fjölmörg fyrirtæki sem störfuðu við skipasmíð-



ar, húsgagnagerð í fataframleiðslu, ullar- og skinnaiðnað matvælaíðnað, efnaiðnað, málmíðnað, plastiðnað og byggingariðnað svo að nokkuð sé nefnt.

Alls eru rúmlega 70 fyrirtæki kynnt á safninu. Sum þeirra eru ekki til lengur en

önnur eru í blómlegum rekstri. Við innganginn í sýningarsali safnsins hefur verið sett upp vinnuástaða fjögurra iðnaðarmanna frá fyrri tíð, smiðs, skósmiðs, úrsmiðs og rakara til að minna á að hugmyndaauðgi og frumkvæði góðra iðnaðarmanna var oft en ekki upphaf að öflugum verksmiðjurekstri.

Um miðja öldina var innflutningur lítill og því var flest af nauðþurftum og hægindum framleitt innanlands. Á safninu má glögglega sjá hversu ótrúlega fjölbreytta iðnaðarframleiðslu var að finna á Akureyri á þeim tíma. Það gleymist einnig oft þegar hefðbundin skipting atvinnuveganna er til umræðu að tilteknir þættir iðnaðarstarfsemi hafa alla tíð verið flokkaðir með landbúnaði eða sjávarútvegi hér á landi.

Safnið prýða fjölmargar myndir af fólki við vinnu en þær voru teknar í verksmiðjunum þegar umsvifin í iðnaðinum voru hvað mest. Þá störfuðu hátt í 1000 manns í framleiðslu iðnaði í verksmiðjum Sambandsins og er þá ótalinn sá fjöldi sem starfaði í öðrum iðnfyrirtækjum.

Full ástæða er til að hvetja fólk, sem leið á til Akureyrar, til að skoða Iðnaðarsafnið og þá merkilegu sögu sem þar er varðveitt.

Ásgeir Magnússon



Aukin framleiðni efst á baugi

Í framhaldi af stefnumótun Málm (samtaða fyrirtækja í málm- og skipaiðnaði) til næstu sex ára ákvað aðalfundur félagsins í vor að gangast fyrir sérstöku átaki til að vinna með fyrirtækjunum og starfsmönnum þeirra að aukinni framleiðni. Mat félagsmanna var að góð framleiðni sé forsenda þess að fyrirtæki í greininni standist samkeppni – hvort heldur hún fer fram á aðþjóðamarkaði eða innanlands.

Í framhaldi af þessari ákvörðun skipaði stjórn Málm fjögurra manna starfshóp til að móta og leggja fram hugmyndir að verkefni og aðgerðum sem leiða til aukinnar framleiðni í þeim fyrirtækjum sem mundu vilja taka þátt í skipulegu starfi á því sviði.

Framleiðniátak undirbúið

Eftir að hafa skoðað tengsl kostnaðar og gæða og ýmsa valkosti til að auka framleiðni í fyrirtækjum varð niðurstaða starfshópsins sú að lítið yrði hægt að gera nema stjórnendur og starfsmenn fyrirtækjanna gerðu sér grein fyrir um hvað framleiðni snýst, hvaða áhrif hún hefur á afkomu fyrirtækjanna og þá um leið á kjör starfsmanna. Allt tal um aðgerðir á þessu sviði í einstökum fyrirtækjum væri byggt á veikum grunni ef þeir, sem þar starfa, ganga ekki jákvæðir til leiks og átta sig á helstu þáttum sem hafa áhrif á framleiðni og hvað þarf að gera til að hún aukist öllum til hagsbóta. Því var ákveðið að vinna að tvískiptu verkefni til að auka framleiðni í málmíðnaði:

Í fyrsta lagi að efna til stuttrar kynningar í fyrirtækjum í greininni á hugtakinu framleiðni og ávinningi fyrir alla að auka hana og í öðru lagi að bjóða fyrirtækjum skipulega leiðsögn um það sem gera þarf á hverjum stað til að auka framleiðni og bæta með því samkeppnisstöðu þeirra.

Kynning skipulögð

Stjórn Málm staðfesti í maí sl. framkvæmda- og fjárhagsáætlun fyrir fyrrihluta ofangreinds verkefnis. Í framhaldi af því var Eðvald Möller, verkfræðingur, ráðinn til að vinna með starfshópnum að því að undirbúa aðgengilegt kynningarefni um framleiðni – hvað hefur áhrif á framleiðni og



Framleiðnifundur haldinn í Slippstöðinni hf. á Akureyri

hvaða tæki eða aðferðir eru tiltæk til að auka hana.

Þegar þessari vinnu lauk var öllum fyrirtækjum Málm gefinn kostur á að fá klukkustundar langa kynningu fyrir starfsmenn sína og stjórnendur. Í framhaldi af þeirri fundaröð yrði tekinn saman sá lærdómur sem af fundunum mætti draga. Á grundvelli þess yrði mótuð aðgerðaráætlun sem miðar að því að bjóða fyrirtækjunum ráðgjöf um framleiðni – svipað og Samtök iðnaðarins hafa gert á sviði gæðamála.

Ágætir fundir – góð viðbrögð

Nú eru kynningarfundir hafnir í fyrirtækjum Málm og skemmst frá því að segja að þeir hafa tekist ákaflega vel. Eftir allitarlega umfjöllun um hugtakið framleiðni og hverju skiptir að auka hana er farið yfir hvernig hún er mæld, hvaða ranghugmyndir ríkja um framleiðni og hvað þarf að gera til að ná árangri. Síðan er starfsmönnum gerð grein fyrir hvernig væntanlegt framleiðniátak verður skipulagt og hlutverki þeirra í þeirri atburðarás. Því næst er spurningalisti lagður fyrir fundarmenn og þeir eru beðnir að telja upp þrjú eða fleiri atriði sem, að þeirra dómi, ætti að byrja á í fyrirtækinu til að auka framleiðni.

Í kjölfarið hafa farið fram fjörugar og uppbyggilegar umræður sem hafa sýnt og sannað að starfsmenn hafa margt gott til málanna að leggja og vilja gjarnan taka þátt í að auka framleiðnina. Þannig leggja þeir sitt af mörkum til að bæta samkeppnisstöðu fyrirtækisins og leggja um leið

grunn að öruggari atvinnu og bættum kjörum enda augljóst að fyrirtæki, sem stendur sig í samkeppninni, hefur að öðru jöfnu betri forsendur til að gera vel við starfsmenn sína.

Sameiginlegt átak Málm, SI og FM

Eins og gefur að skilja kostar átak af þessu tagi Málm töluvert fé. Ennfremur hefur stjórn Samtaða iðnaðarins ákveðið að styrkja það myndarlega fjárhagslega enda gæti afraksturinn nýst fleiri iðngreinum sem vilja taka á framleiðnimálum sínum. Fræðslumiðstöð málmíðnaðarins ehf. hefur séð um framkvæmd fræðslufundanna í góðri samvinnu við Málm og Samtök iðnaðarins.

Með þessum fundum er bæði verið að skerpa skilning allra starfsmanna á þýðingu aukinnar framleiðni og einnig að undirbúa jarðveginn til að taka skipulega á þessu mikilvæga málefni innan fyrirtækjanna enda ráðast úrlitin þar þegar til þess kemur að standast alþjóðlega samkeppni.

Ingólfur Sverrisson

Matvæli Upplýsingar um væntanlegar reglugerðir á vef Umhverfisstofnunar

Umhverfisstofnun hefur tekið upp þá nýbreytni að birta á vef sínum nýjar og breyttar reglugerðir frá Evrópusambandinu sem væntanlegar eru inn í íslenska löggjöf. Það er mikilvægt fyrir íslenska framleiðendur að vita með góðum fyrirvara hvað í vændum er til að geta tekið mið af því við hönnun og breytingar á umbúðum.

Á sama stað er að finna lista yfir nýútgefnar ESB gerðir sem gera má ráð fyrir að rati fyrir eða síðar hingað til Íslands.

Slóðin er www.ust.is/Matvaeli/Matvaelafrettir/nr/2448.

„Í klóm kennitöluhoppara“

Forráðamenn Samtaka iðnaðarins hafa ítrekað bent á það siðleysi sem felst í svokölluðu kennitöluhoppi. Það á við þegar fyrirtæki verður gjaldþrota en nýtt fyrirtæki með nýrri kennitölu er stofnað á rústum þess fyrrnefnda. Starfsemin er hin sama, svo og eigendur, starfsmenn, húsnæði og jafnvel tæki og tól. Það eina, sem hefur breyst, er kennitalan sem veitir nýtt líf og frelsi frá innheimtu skulda.

Þó keyrir um þverbak þegar fyrirtæki sem hafa verið endurreist með þessum hætti taka þátt í opinberum útboðum. Algengt er að tilboð þeirra séu lægri en annarra og jafnvel talsvert um að opinberir aðilar taki slíkum tilboðum.

Gjaldþrota í samvinnu við lánastofnun

Í ritstjórnargrein Íslensks iðnaðar frá í febrúar sl. kemst Sveinn Hannesson, framkvæmdastjóri SI, m.a. svo að orði: „Þess eru æ fleiri dæmi að fyrirtæki virðast

gerð gjaldþrota í góðri samvinnu við eigin lánastofnun. Þetta gerist þannig að fyrirtæki halda áfram starfsemi eins og ekkert hafi í skorist. Sumir hafa ekki fyrir því að skipta um nafn fyrirtækis eða símanúmer. Forráðamenn eru hinir sömu og ekki virðist neitt vandamál að hefja bankaviðskipti þar sem frá var horfið. Þegar betur er að gáð er það oft svo að lánastofnanir bæta stöðu sína með vel útfærðu gjaldþroti viðskiptamanna. Skyndilega eru allar aðrar skuldir horfnar og möguleikar skuldarans til að standa skil á lánunum eru þeim mun betri en áður. En hverjir tapa á þessum gjaldþrotum? Það eru viðskiptaaðilar þessara fyrirtækja, kaupendur og seljendur vöru og þjónustu.“

Tugmilljóna króna tap vegna gjaldþrots viðskiptavina

Fyrirtæki Einar Egilssonar, Félagsbókbandið Bókfell, er eitt þeirra sem varð fyrir barðinu á svonefndum kennitöluhoppurum. Fyrirtækið átti rætur að rekja allt til ársins 1903 og árið 1988 var það eitt stærsta, sjálfstæða bókbandsfyrirtæki landsins og batt inn bækur fyrir prentsmiðjur og útgáfufyrirtæki. „Reksturinn stóð í blóma allt þar til 2001 þegar halla tekur undan fæti hjá útgáfufyrirtækjum bóka og tímarita og þá verður eiginlega hrun,“ segir Einar. Þegar allt er talið nam tap fyrirtækisins á viðskiptum við bókaútgáfufyrirtæki og prentsmiðjur um 47 milljónum króna og þá var honum nauðugur einn kostur að hætta rekstri Félagsbókbandsins.

Nauðarsamningar og sala AB

Almenna bókafélagið var meðal viðskiptavina Félagsbókbandsins. Í ársbyrjun 1991 fluttist AB úr húsnæði Stuðla í Austurstræti 18 að Suðurlandsbraut í hús sem var í eigu Skeljungs. Þá var Óli Björn Kárason orðinn framkvæmdastjóri AB. Á þessum tíma átti AB í miklum fjárhagsörugguleikum að sögn Einar. „Okkur, sem unnum fyrir félagið, var sagt að bráðum kæmi betri tíð með auknu hlutfé frá valinkunnum fyrirtækjum,“ segir Einar. „Það kom því verulega á óvart í árslok 1991 þegar farið var fram á nauðarsamninga fyrir félagið. Þá námu skuldirnar tæpum 130 milljónum króna. Þar tapaði ég 2,5

Ný ræningjagríma

Frá upphafi vega hafa ræningjar notað grímur til að hylja andlit sitt þegar þeir hrifna til sín peninga. Tímamir breytast og grímurnar með. Nú beita skurkamir nýni aðferð til að hylja sitt eitt andlit. Þeir bregða upp nýrri kennitölu.

Fyrirtæki verða stundum gjaldþrota, reksturinn gengur ekki upp og eigendur geta ekki eða vilja ekki leggja meira fé í fyrirtækið. Sé framkvæmdastjórinn ekki þrotinn neyna menn að vinna sig upp að nýju, ávinna sér traust og alla viðskipta. Við þetta er ekkert að athuga enda óþjákvæmlegur lygðfiskur nýsköpunar og endurnýjunar í atvinnulífinu.

Því miður færst í vexti að um leið og fyrirtæki verður gjaldþrota verbi til nýtt fyrirtæki alveg eins og það gamla með sömu eigendum, starfsmönnum, húsnæði, tækjum og tólum. Hið eina nýja er kennitalan sem veitir nýtt líf og frelsi frá innheimtu skulda, t.d. vegna launa, skatta og vöruskaupa.

Lánastofnanir eiga oft veb í öllum birgðum, tækjum og królum fyrirtækja og abir królufarar fá því ekkert upp í sínar krófur við gjaldþrot. Í skjóli þessa bregða sumir upp nýrri kennitölu og halda rekstri sínum áfram eins og ekkert hafi í skorist.

Nú er málið að líni.

SI
Samtök iðnaðarins

milljónum króna." Meðan á nauðar-samningum stóð var fyrirtækið selt en tveimur árum síðar lagði það endanlega upp laupana en stjórnendur þess fengu ævisögur sínar gefnar út í lokin. „Í einni viðreisnartilrauninni var AB dubbað upp í sparifötin og opnað með pompi og prakt að viðstöddum ýmsum hluthöfum sem stóðu ofarlega í virðingargstiganum, þar á meðal nafntogaðir stjórnálmenn sem væntanlega áttu að auka á virðingu og traust fyrirtækisins."

Sparisjóðurinn með sitt á þurru

Annað dæmi varðar bókaútgáfuna Skuggsjá í Hafnarfirði. „Þegar fyrirtækið komst í þrot var það ekki gert gjaldþrota en Sparisjóður Hafnarfjarðar sagði skuldirnar afskrifaðar en átti sjálfur 100% veði á húsi fyrirtækisins. „Þegar aðrir, sem áttu kröfur í fyrirtækið gengu eftir þeim, komust þeir að því að bankinn var orðinn eigandi hússins og fengu ekkert fyrir sinn snúð og þar tapaði ég 2,4 milljónum," segir Einar.

Prentbær verður Prisma Prentbær sem verður Prisma Prentco sem verður Íslandsprent...

Þriðja dæmi Einars varðar prentsmiðjuna Prentbæ í Hafnarfirði. „Það fyrirtæki sameinaðist Prisma árið 1998 fyrir tilstilli Sparisjóðs Hafnarfjarðar og var rekið sem Prisma Prentbær til ársins 2001 þegar það varð gjaldþrota. Gjaldþrotið nam 63 milljónum króna og ég tapaði alls á sjöundu milljón króna. Prisma Prentco var stofnað á rústum Prisma Prentbæjar og ég veit að Sparisjóður Hafnarfjarðar kom að stofnun þess með veði í húseignum og tækjum. Þeirri sögu lauk þannig að Prisma Prentco hætti starfsemi um síðustu áramót og fór í gjaldþrot síðastliðið vor. Þá seldi sparisjóðurinn leifarnar og kaupandinn stofnaði Íslandsprent sem enn er starfandi."

„Nú skuldum við ekki neinum neitt"

Einar segist hafa átt langt og gott samstarf við bókaútgáfuna Örn og Örlyg sem lenti í nauðarsamningum en hélt þó áfram útgáfu Vegahandbókarinnar og fleiri bóka undir nafninu Íslenska bókaútgáfan. Fyrirtæki Einars hafði lengi bundið inn bækur eins og Vegahandbókina og Útkallsbækurnar, svokölluðu, fyrir Íslensku bókaútgáfunna en segir að skyndilega hafi þær hætt að berast. Þá hafi hann haft samband við eigandann, Hálfdan Örlygsson, sem tjáði honum að nú væru bækurnar unnar í

Singapore. „Þegar ég fann að því að því ekki skyldi ekki hafa látið mig vita eftir margra ára viðskipti og mikið umburðarlyndi gagnvart skuldum hans varð fátt um svör," segir Einar. „Svo hófst fyrir alvöru glíman við að fá skuldirnar greiddar. Þá kom í ljós að Íslenska bókaútgáfan hafði hætt starfsemi undir því nafni og eigendur hennar höfðu stofnað nýtt fyrirtæki með nýrri kennitölu undir nafninu Stöng sem hafði verið rekið nokkra hríð. Þegar haft var samband við Íslensku bókaútgáfuna var svarið: „Við höfum stofnað nýtt fyrirtæki og nú skuldum við ekki neinum neitt." Þá námu skuldir Íslensku bókaútgáfunnar alls um 42 milljónum króna og þar af skuldaði fyrirtækið mér 16,5 milljónir króna. Þá var ekkert til á lager Íslensku bókaútgáfunnar þar sem viðskiptabankinn hafði hirt og selt allt sem þar var að finna."

Tapaði á áttundu milljón króna á Genealogia Islandorum

Þá segir Einar sínar farir ekki sléttar af samskiptum sínum við Genealogia Islandorum sem á sínum tíma var stofnað í samstarfi við Urð, Verðandi og Skuld á grundvelli gagnarunnis Genealogia Islandorum en meðal eigenda þess voru Sjóvá og Eimskip. Aðalhvatamaðurinn að stofnun fyrirtækisins var Þorsteinn Jónsson, ættfræðingur, sem hafði átt langan feril í bókaútgáfu. „Fyrirtækið gaf út bækur á þriðja ár en þá kom í ljós að gagnagrunnur fyrirtækisins var einskis virði. Í kjölfarið varð Genealogia Islandorum gjaldþrota og var lokað. Skuldir fyrirtækisins námu þá 340 milljónum króna og þar tapaði ég 7,5 milljónum króna," segir Einar.

Mál og mynd verður að Skruddu

Loks nefnir Einar fyrirtækið Mál og mynd sem dæmi um það siðleysi sem ríkir í þessum málum. Félagsbókbandið hafði unnið mikið fyrir Mál og mynd sem var farið að safna talsverðum skuldum við Einar. „Mér var haldið volgum með smágreiðslum og fyrirheitum um breytingu á rekstri og sagt að nýir aðilar væru að koma inn. Þegar hér var komið sögu hafði ég hætt rekstri Félagsbókbandsins og Prentmet keypt vélarnar og tekið við samningi Máls og



myndar um verk sem hafði verið í vinnslu hjá mér. Hins vegar valdi Mál og mynd léttu leiðina og var gert gjaldþrota og skuldaði þá 50 milljónir króna. Síðan reis það úr rústunum með hreint og skuldlaust borð. Ég fékk hins vegar ekkert upp í 10 milljóna skuld þess við mig. Fyrsta bók nýju útgáfunnar, Skruddu, var Saga Stjórnarráðs Íslands í þremur bindum. Skrudda er með aðra kennitölu en Mál og mynd hafði en þegar hringt er í gamla númer Máls og myndar er svarað: „Mál og mynd, Skrudda" og eigendur þeir sömu. Við nánari athugun kom í ljós að Skrudda var stofnuð áður en Mál og mynd varð gjaldþrota.

Mál er að linni

„Það versta við þetta allt saman," segir Einar, „er að menn halda þessum leik áfram án þess að nokkur fái rönd við reist." Hann telur tímabært að yfirvöld taki í taumana hið fyrsta áður en fleiri verða fyrir skaða af völdum þeirra sem stunda kennitöluhoppið með framangreindum afleiðingum.

Samtök iðnaðarins taka heils hugar undir sjónarmið Einars Egilssonar og skora á fyrirtæki, lánastofnanir og opinbera aðila að stuðla ekki að siðleysi með því að beina viðskiptum til kennitöluhoppa og aðstoða þá þannig við að halda áfram ránum og gripdeildum í þá veru sem hér hefur verið lýst.

Þóra Kristín Jónsdóttir

Menntun verk- og tæknifræðinga

Frá ráðstefnu á Grand Hótel Reykjavík

Menntun verk- og tæknifræðinga hefur verið í brennidepli að undanfögnu. Hinn 23. september sl. héldu Verkfræðingafélag Íslands, Tæknifræðingafélag Íslands og Félag um eflingu verk- og tæknimenntunar vel sóttá ráðstefnu um þetta efni. Erindi voru fjölmörg og viðfangsefnið skoðað frá ólíkum sjónarhornum.

Að lokinni setningu ráðstefnunnar, sem var í höndum Steinars Friðgeirssonar, formanns Verkfræðingafélagsins, flutti Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir, menntamálaráðherra ávarp. Í máli hennar kom m.a. fram að innan tíðar mun hún skipa í starfsþóp sem hefur að markmiði að glæða áhuga ungs fólks á raungreinum, verk- og tæknigreinum. Ráðherra taldi brýnt að gera þætti kvenna í verk- og tæknifræði hærra undir höfði, m.a. með því að hvetja þær til náms á þessu sviði. Hún hét á Félag um eflingu verk- og tæknimenntunar að styðja við þessi verkefni.

Menntun og skóli

Steindór Guðmundsson og Jóhannes Benediktsson fluttu erindi undir heitinu Menntun og skóli. Í máli Jóhannesar kom fram að árið 1998 hafi um 8% stúdentsárgangs hér á landi farið í verk- og tæknifræði. Nú hæfu hins vegar um 18% árgangsins nám í þeim fræðum og hlutfallið hér á landi væri því orðið nálægt því sem það er í Finnlandi. Þrátt fyrir þetta er hlutfall starfandi verk- og tæknifræðinga á hverja 1.000 íbúa lægra hér á landi en annars staðar á Norðurlöndum, sbr. súlurit. Þrátt fyrir mikla fjölgun nemenda í verk- og tæknifræði undanfarin ár vantar talsvert á við náum sambærilegu hlutfalli verk- og tæknifræðimenntaðra og í nágrannalöndunum.

Í máli Jóhannesar kom jafnframt fram að í Danmörku útskrifast tveir tæknifræðingar á móti hverjum verkfræðingi. Hér á landi er hlutfallið þveröfugt, þ.e. tveir verkfræðingar á móti hverjum tæknifræðingi.

Menntun og markaður

Kristinn Andersen og Hilmar Janusson fluttu erindi undir heitinu Menntun og markaður. Kristinn fjallaði um sí- og endurmenntun verk- og tæknifræðinga.



Fjöldi verkfræðinga og tæknifræðinga á hverja 1000 íbúa



Það sýnir sig að verk- og tæknifræðingar hafa áhuga á endurmenntun en erfitt er að sinna þeim þörfum í sérhæfðum greinum. Dýrt er að fá erlenda sérfræðing á þröngu sviði til að flytja erindi fyrir fáeina sérfræðinga hér á landi. Fyrirtæki stunda rannsóknir í auknum mæli og nýjungar

verða til í samstarfi háskóla og fyrirtækja. Ný þekking fyrirtækja er afrakstur slíks samstarfs. Forsenda þess að samstarf heppnist er að verk- og tæknifræðingum standi til boða símenntun við hæfi. Hilmar taldi menntun í verk- og tæknigreinum vera í þokkalega góðu lagi en skortur er á starfsfólki sem hefur sérhæfða menntun og þjálfun í sjálfa framleiðsluna. Ennfremur þarf fleira mjög vel menntað fólk sem er reiðubúið að sinna rannsóknavinnu hjá fyrirtækjum. Þetta fólk er líklegast til afreka í framtíðinni.

Menntun og framtíð

Guðmundur Páll Ólafsson, líffræðingur og fræðimaður, flutti hugvekju um framtíðarkröfur í verkfræði- og tæknifræðimenntun. Hann varaði m.a. við hernaðinum gegn náttúrunni og taldi að takmarkalaus virkjun fallvatna bæri ekki vott um að hér byggji menntuð þjóð.

Pallborðsumræður

Í lok ráðstefnunnar var efnt til pallborð-

framhald bls. 9

Timothy Gowers:

„Kennið nemendum að tileinka sér reglur“

Félag um eflingu verk- og tæknimenntunar, bauð heimskunnum enskum stærðfræðingi, dr. Timothy Gowers, til landsins í samvinnu við breska sendiráðið. Tilefnið var ráðstefnaog sérstök ritgerðarkeppni um stærðfræði sem greint var frá í síðasta tölublaði Íslensks iðnaðar.



Timothy Gowers er prófessor við Cambridge háskóla. Hann hefur unnið mikilvæg verk innan stærðfræðinnar á sviði fallagreiningar og hefur m.a. beitt aðferðum úr fléttufræði við vinnu sína. Gowers hlaut Fields verðlaunin fyrir störf sín 1998 en þau eru eins konar Nóbelsverðlaun í stærðfræði.

Stærðfræðikennurum í grunnskólanum var sérstaklega boðið að hlusta á erindi Gowers á ráðstefnunni. Margir þeirra þágu boðið enda verkfall grunnskólakennara þá nýhafið.

Í erindi sínu á greindi Gowers frá reiðu og óreiðu í náttúrunni og hvernig unnt væri að skoða þetta viðfangsefni út frá lögmálum stærðfræðinnar. Gowers beindi orðum sínum sérstaklega til kennaranna og hvatti þá til þess að kenna nemendum sínum sem flestar grundvallarreglur stærðfræðinnar. Þótt nemendur ættu erfitt með að skilja þær allar væri mikilvægt að læra þær utan að.

„Hafið ekki áhyggjur af því að nemendur skilji ekki allt strax,“ sagði Gowers. „Mikilvægt er að nemendur hafi lögmál og reglur á takteinum. Hagnýtingin kemur síðar og gerir ekki alltaf boð á undan sér.“

Véla- og tækjasýning fyrir stál- og blikksmíði

Í lok október sótti tæplega þrjátíu manna hópur á vegum Samtaka iðnaðarins hina þekktu véla- og tækjasýningu Euro-Blech í Hannover í Þýskalandi. Þarna var mikið úrval af hvers konar tækjum og tólum sem smiðjur, sem vinna úr ryðfríu stáli eða blikki, þurfa á að halda.

Tæknin, sem þar var sýnd í smáum sem stórum tækjum, var í mörgum tilvikum með hreinum ólíkindum og margt af því

getur komið stórum en ekki síður smáum smiðjum mjög til góða. Svo má ekki vanmeta þýðingu þess að sækja slíkar sýningar til að fylgjast með og skoða það nýjasta ef það gæti komið að notum til að auka gæði og bæta framleiðni í smiðjunum.

Að þessu sinni gerðu margir góð kaup og dæmi voru um að ferðin á sýninguna hefði borgað sig strax á fyrsta klukkutímanum þegar menn fundu tæki sem leysti vanda-mál sem glímt var við heima. Ekki má heldur vanmeta þýðingu þess að hitta aðra

landa í þessum greinum, blanda geði í nokkra daga og auka kynni sem oft leiða til jákvæðrar samvinnu og þróunar.

Hér fylgja nokkrar myndir af ferðafélögnum að skoða ýmislegt forvitnilegt á sýningunni Euro-Blech.

Ingólfur Sverrisson



Menntun verk- og tæknifræðinga

framhald af bls. 8

sumræðna. Á palli sátu Guðfinna S. Bjarnadóttir, rektor HR, Stefanía Katrín Karlsdóttir, rektor THÍ, Sigurður Brynjólfsson, forseti verkfræðideildar HÍ, Hilmar Janusson, þróunarstjóri Össurar, og Hreinn Jakobsson, forstjóri SKÝRR.

Miklar umræður urðu um sameiningu Tækniháskóla Íslands og Háskólans í Reykjavík í einn háskóla. Sumir töldu að slíkt yrði best gert með því að búa til einn sterkan innlenda háskóla á þessu sviði. Lítil þjóð gæti ekki leyft að litlir háskólar kepptu af vanefnum um fáeina nemendur á þessu sviði. Þrátt fyrir mikilvægi alþjóðlegrar samkeppni töldu aðrir árið-andi að hér á landi væru tveir háskólar á sviði verk- og tæknifræði sem kepptu um hylli nemenda. Menn voru sammála um að brýnt væri að efla verk- og tæknifræðimenntun með öllum ráðum, ekki síst til að auka þjónustu við verðmæta vaxtarbrodda í atvinnulífni.

Ráðstefnustjóri var Árni Sigfússon, bæjarstjóri Reykjanesbæjar.

Ingí Bogi Bogason

Til þeirra sem framleiða byggingavörur

Á síðustu misserum hefur æ oftari komið fyrir að fyrirtæki hafa misst af verkefnum af því þau hafa ekki getað ekki lagt fram samræmisvottorð frá viðurkenndum aðila um að vara þeirra eða framleiðsla sé í samræmi við kröfur útboðs og reglugerða.

Í 120 gr. byggingarreglugerðar er kveðið skýrt á um að byggingarvörur á markaði skuli uppfylla ákvæði reglugerðar um viðskipti með byggingarvörur. Þar segir ennfremur: „Ákvæði þeirrar reglugerðar um merkingar, samræmisvottorð og samræmisýfirlýsingar skulu uppfyllt, svo m.a. sé unnt á fullnægjandi hátt að meta notkunarvið vörunnar.“

Krafan um vöru- og/eða framleiðsluvottun verður háværi með degi hverjum og nýir evrópskir staðlar og tæknisamþykktir sem, íslenskum yfirvöldum ber að framfylgja, taka gildi hver af öðrum.

Hinn 1. maí sl. tók gildi evrópskt tæknisamþykki, ETAK 007, fyrir eingahús smíðuð úr timbri. Að tilstuðlan Samtaka iðnaðarins hafa fyrirtækin sem það snertir



fengið undanþágu í 24 mánuði til að laga sig að breyttum aðstæðum.

Fyrirtæki, sem framleiða húseiningar eða eingahús, eru ekki þau einu sem nú þurfa að taka á honum stóra sínum því að krafan um uppruna- og gæðavottorð á hráefni og íhluti er orðin almenn í útboðsgögnum á öllum sviðum.

Tilgangurinn með þessu erindi er að vekja athygli aðildarféлага Samtaka iðnaðarins á að frestur til að koma gæðamálum sínum í lag er að renna út. Við hvetjum ykkur því til að kynna ykkur hvers vænta má í þessum efnun varðandi þær vörur sem fyrirtæki ykkar framleiða.

Við hjá Samtökum iðnaðarins reynum að vera þeim, sem þess óska, innan handar varðandi ráðgjöf og hugsanlega aðstoð.

Ferdinand Hansen, verkefnastjóri gæðamála, Árni Jóhannsson, umsjónarmaður jarðvinnugreina, Ingólfur Sverrisson, umsjónarmaður málmíðnaðar, Eyjólfur Bjarnason, umsjónarmaður byggingagreina.

Kerfispróun tuttugu ára

Fyrirtækið Kerfispróun fagnaði nýlega 20 ára afmæli sínu og er því meðal elstu hugbúnaðarfyrirtækja hér á landi. Stofnendur þess og eigendur eru Björn Viggósson og Kristján Gunnarsson. Kerfispróun er fyrirtækið að baki Stólpa viðskiptahugbúnaðar sem er sveigjanlegt bókhalds- og upplýsingakerfi með lausnir fyrir flestar gerðir atvinnurekstrar.

Upphaf stofnunar Kerfispróunar má rekja til Landssambands Íslenskra iðnaðarmanna sem sendi einn félagsmanna sinna utan til að finna bókhaldskerfi sem hæfði þörfum iðnaðarmanna. Hann hafði uppi á dönsku kerfi sem þótti henta vel sem fyrirmynd og að því búnu var efnt til útboðs á smíði kerfis sem byggðist á því danska. Björn Viggósson segist hafa séð auglýsinguna í Morgunblaðinu og séð fyrir sér að búa mætti til lausn fyrir lítil og meðalstór fyrirtæki.

Tryggir viðskiptavinir

„Þá kunni ég ekkert á tölvur,“ segir Björn, „en hafði samband við Kristján Gunnarsson sem var og er mikill tölvugúru og við keyptum danska kerfið sem varð fyrirmynd kerfis sem Kristján hannaði. Við stofnuðum Kerfispróun og buðum í verkefni Landssambandsins og þar með fór allt á fulla ferð. Landssambandið sendi félagsmenn sína á námskeið hjá okkur og flestir þeirra eru enn í viðskiptum við okkur og jafnvel margir afkomendur þeirra líka.“

Skráningartækni hefur fleygt fram

Björn segir að mikil bylting hafi orðið í gerð upplýsingakerfa fyrir iðnfyrirtæki. Nú sé lögð áhersla á sjálfvirkni, gæðamál og rekjanleika. „Skráningartækni hefur fleygt fram og hún orðið ódýrari í notkun, sbr. notkun strikamerkja,“ segir Björn. „Flestar upplýsingar eru nú skráðar einu sinni og hægt að kalla þær fram hvenær sem er. Góðu fréttirnar eru að aukin gæði skila meiri árangri með minni tilkostnaði.“

Ýmsar sérhannaðar lausnir í boði

Starfsemin byggist á að þróa staðlaðar lausnir fyrir bókhaldskerfi sem allir viðskiptavinir fyrirtækisins nota en inn í þær lausnir fléttast ýmsar sérlausnir. Björn segir mikla áherslu lagða á gæðaeftirlit svo að allt, sem fyrirtækið lætur frá sér fara,

gangi snurðulaust. „Við þróum bókhalds og upplýsingakerfi fyrir fyrirtæki en auk þess þróum við margar lausnir sem nú eru mjög í tísku, s.s. tengingar við Netið. Núna eru bókhaldskerfi fyrirtækja t.d. samþætt Netinu þannig að viðskiptavinurinn getur komist inn í kerfið og unnið hvar sem er. Þetta hentar vel sveigjanlegum, litlum og meðalstórum fyrirtækjum og eykur samkeppnishæfni þeirra.“

Hafa þjónað þörfum verktakans frá upphafi

„Starfsskilyrði fyrirtækja eins og Kerfispróunar hafa löngum verið góð,“ segir Björn „og það þakka ég fyrst og fremst því að við höfum ávallt þurft að standa á eigin fótum og verið blessunarlega lausir við afskipti stjórnmalamanna.“ Kerfispróun hefur jafnan lagt mikla áherslu á að bjóða lausnir sem gera fyrirtækjum kleift að stækka en einnig að draga saman seglin gerist þess þörf. Þetta á t.d. við um mannhald en líka þegar verkefni fyrirtækja eða starfsemi breytast. „Við glíum stöðugt við að leysa slíkt til að tölvukerfið verði mönnum ekki fjötur um fót eins og oft vill verða. Segja má að frá byrjun höfum við hugsað um að þjóna þörfum verktakans. Við greinum verktaka í þrjú flokka: Einyrkja sem veita þjónustu, einyrkja sem reka verkstæði og veita þjónustu út á við og loks verktaka sem rekur verslun og veitir þjónustu.“

Sérhæfð þjónusta við sprotafyrirtæki

Björn segir að Kerfispróun sérhæfi sig í veita sprotafyrirtækjum þjónustu og þeim bjóðist lausnir sem engir geti keppt við. „Við bjóðum sveigjanlegar lausnir sem lítil fyrirtæki geta nýtt sér án þess að kíkna í upphafi undan kostnaði. Hugbúnaðinn má stækka og hægt er að bæta við kerfum eftir því sem fyrirtækið vex úr grasi. Sum sprotafyrirtæki leggja snemma upp laupana en önnur sanna sig, skjóta rótum og stækka ört.“



Kristján Gunnarsson og Björn Viggósson

Mikil gróska í ýmsum greinum fyrirtækjarekstrar

Björn segir að markaðurinn hafi breyst óhemjumikið að undanförmu. „Við verðum varir við mikla grósku í fyrirtækjarekstri enda er nú auðveldara að komast yfir fjármagn en áður var. Þeir sem eru skynsamir, snöggir og framtakssamir ná góðum árangri. Nú eru til tvö til þrjú stór fyrirtæki í matvöru, lyfjum og byggingavörum en viðskiptavinum okkar í þeim hópi hefur stórfækkað. Þrátt fyrir það hefur viðskiptavinum okkar fjölgað mjög vegna grósku í öðrum greinum, t.d. þjónustu, Net- og tölvugeiranum.“

Vel menntað starfsfólk og næg verkefni

Í byrjun voru Björn og Kristján einu starfsmennirnir en þeir eru nú 6-7 talsins. „Við höfum mjög færur starfsfólki á að skipa,“ segir Björn. „Það er menntað í kerfisfræði, verkfræði, tæknifræði, tölvunarfræði og viðskiptafræði. Allir starfsmenn eru í stöðugri endurmenntun hjá Microsoft á Netinu, einn er í fjarnámi í mastersfræðum í London og annar í mastersnámi í alþjóðaviðskiptum í Háskólanum í Reykjavík. Við höldum námskeið reglulega fyrir viðskiptavinum okkar. Á hverjum föstudegi eru námskeið fyrir byrjendur, þ.e. þá sem eru að byrja að nota Stólpa. Svo er mikið um hvers konar sérkennslu bæði á skrifstofu okkar og úti í fyrirtækjunum. Nú er mikil hreyfing á fyrirtækjamarkaði. Fyrirtæki sameinast, sundrast eða leggja upp laupana og við fáum mikil viðskipti við hvers kyns breytingar á rekstri,“ segir Björn Viggósson.

Þóra Kristín Jónsdóttir

Leturprent 50 ára

Prentsmiðjan Leturprent fagnaði nýlega fimm tíu ára afmæli sínu en prentsmiðjan var stofnuð 15. október 1954 af Einari Inga Jónssyni.

Einar Ingi rak fyrirtækið fram til ársins 1985 en þá tók sonur hans, Kristján Ingi, við rekstrinum og er eigandi og framkvæmdastjóri og prentsmiðjunnar.

Gengið í gegnum öll þróunarstig

Að sögn Kristjáns Inga hefur Leturprent gengið gegnum öll þróunarstig prentunar frá upphafsárunum. „Þá var blýsetning og blýþrykk allsráðandi, þar sem lausum bókstöfum var raðað saman staf fyrir staf og þeir síðan þrykktir á pappírinn. Segja má að lítil þróun hafi átt sér stað á hinu raunverulega eðli prentækninnar frá dögum Gutenbergs á 15. öld til árunna upp úr 1950, þrátt fyrir alla vélvæðinguna“ segir Kristján Ingi. „Þá varð hins vegar bylting með komu nýrrar tækni, offsetækninnar. Fyrir nokkrum árum kom fram stafræn prentun og hún er enn í mikilli og spennandi þróun. Á 50 ára starfstíma sínum hefur Leturprent gengið gegnum öll þessi stig prentunar.“

Sérhæfing í stafrænni prentun

„Undanfarin 6 ár hafa stafrænni Leturprents sérhæft sig í stafrænni gæðaprentun“ segir Kristján Ingi, „og ég tel óhætt að fullyrða að nú sé Leturprent í forystu hágæða stafrænnar prentunar á Íslandi.“

Fyrir sex árum var nafni prentsmiðjunnar breytt í Stafræna prentstofan Leturprent til að leggja áherslu á sérhæfingu prentsmiðjunnar. Nú á 50 ára afmæli prentsmiðjunnar hefur verið ákveðið að taka aftur upp gamla nafnið Leturprent. Í tilefni dagsins var einnig kynnt nýtt merki (lógó) prentsmiðjunnar.

„Ein af ástæðum þess að við höfum kosið að taka aftur upp gamla nafnið er sú að framboð svokallaðrar stafrænnar prentunar hefur aukist mikið á undanföllum árum. Þar er hins vegar um að ræða stafræna ljósritun í 90% tilvika en gæði slíkrar ljósritunar eru engan veginn samþærileg þeim sem stafræn offsetprentun býður enda munur í fjárfestingu mikill. Sem dæmi má nefna að stafrænu offsetprentvélnar okkar kosta um 70 milljónir króna en góð stafræn ljósritunarvél kostar rúmar tvær milljónir.“

Kristján Ingi segir að Leturprent hafi ávallt kappkostað að vera með nýjustu tækni sem völ er á í stafrænni offsetprentun. „Nú höfum við á að skipa tveimur fullkomnustu stafrænu offsetprentvélnum sem völ er á í heiminum í dag. Með þessum tækjakosti getur Leturprent boðið hágæða offsetprentun allt frá örfáum eintökum upp í tugþúsundir á örskotstíma eða nákvæmlega í því upplagi sem þörf er á hverju sinni.“

Margt til lista lagt

Undanfarin ár hefur lítið gallerí „GALLERÍ VEGGUR“ verið rekið í húsnæði prentsmiðjunnar að Síðumúla 22 þar sem nokkrir af fremstu samtímalistamönnum þjóðarinnar hafa sýnt verk sín.

Kristjáni Inga er margt til lista lagt og á afmælinu var þar opnuð ljósmyndasýning eftir hann sem ber nafnið „Ásjónur“ en þar sýnir Kristján Ingi nokkrar ljósmyndir þar sem sjá má nokkur þekkt andlit úr borgarlífinu.



Smári Sigurðsson, Hlynur Ólafsson, Ásdís Lilja Emilsdóttir (eiginkona Kristjáns Inga og annar eigandi Leturprents) og Kristján Ingi



Gaman er að geta þess að um er að ræða stafrænar ljósmyndir sem að sjálf-sögðu eru prentaðar með stafrænni tækni í stafrænum prentvéllum prentsmiðjunnar.

Haraldur Dean Nelson

Hálf dán Gunnarsson prentari við nýju prentvélna



Veljum íslenskt í bakaríum um jólin



Landssamband bakameistara tekur upp merki landsátaksins „Veljum íslenskt og allir vinna“ í bakaríum um allt land dagana 27. nóvember til 20. desember nk. undir kjörorðinu „Veljum íslenskt í bakaríum um jólin.“

Á þessum tíma verður mikill jólabragur í bakaríunum og fjölbreytt úrval jólavara í boði. Allir viðskiptavinir bakaríanna geta skrifað nafn sitt og símanúmer aftan á kassakvittun og lagt í lukkupott. Í lok hvers dags draga forsvarsmenn hvers bakarís einn heppinn vinningshafa úr lukkupotti viðkomandi bakarís. Hann hlýtur að gjöf veglega gjafakörfu eða öskju sem inniheldur framleiðsluvörur bakarísins auk kaffis, sultu, osta, drykkja eða annars sem bakaríið velur.



Allan mánuðinn verður öllum kassakvittunum safnað saman í einn risalukkupott sem dregið verður úr miðvikudaginn 22. desember. Þá verða dregin út 30 nöfn sem hljóta stóra og veglega vinninga, þ.á.m. gjafakort frá gullsmiðum og snyrtistofum og gjafakörfur frá bakaríum og öðrum íslenskum framleiðendum. Að auki fá tveir Íslendingar ferðavinning fyrir tvo til áfangastaða Flugleiða að eigin vali. Úrslitin verða kynnt í Morgunblaðinu og Fréttablaðinu á Þorláksmessu.

Í tilefni af fullveldisdegi Íslendinga, 1. desember, kynna bakaríin nýja og ljúffenga „fullveldisköku“ í öllum útibúum bakaría innan Landssambands bakameistara miðvikudaginn 1. desember 2004.

Ragnheiður Héðinsdóttir